

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. lög nr. 7/1998 umhollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum

Starfsleyfisskilyrði fyrir fiskeldi í sjó

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1. Starfsleyfið gildir fyrir fiskeldi í sjókvíum.
- 1.2. Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða, gilda einnig viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.3. Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum. Breytingar á rekstri skal tilkynna til leyfisveitanda.
- 1.4. Rekstraraðili skal starfrækja innra eftirlit með mengandi þáttum starfseminnar og umhverfis- og rekstrarþáttum tengdum þeim. Skrá skal á skilvirkan hátt og geyma upplýsingar um:
 - a) Framleiðslumagn og afföll.
 - b) Fóðurnotkun og fóðurgerð.
 - c) Losun efna út í umhverfið.
 - d) Magn og gerð hreinsiefna, sótthreinsiefna og lyfja sem notuð voru á árinu.
 - e) Meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. magn og gerð.
 - f) Afstöðumynd af stöðinni skal vera til staðar. Skrá skal allar breytingar sem gerðar eru á kvíum og festingum auk aðstöðu í landi.
 - g) Gera skal viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa og neyðaráætlun ef til rekstrarstöðvunar kemur.
 - h) Skrá skal öll mengunaróhöpp og atvik er varða mengun og mengunarvarnir fyrirtækisins, s.s. bilanir á búnaði, leka eða slys.Innra eftirlit og skráningar skulu vera aðgengilegar heilbrigðisfulltrúum.

2. Mengunarvarnir og umhverfismál

- 2.1. Beita skal bestu fánlegu tækni til að fyrirbyggja mengun umhverfisins.
- 2.2. Rekstraraðili skal tryggja umhverfisvernd, t.d. með því að fylgjast með ástandi eldisbúnaðar og tryggja að fiskur sleppi ekki út. Reglulega skal yfirfara nætur og botnfestingar.
- 2.3. Fyrirtækinu er skylt að sjá um, að á öllu athafnasvæði þess sé gætt fyllsta hreinlætis. Allar vélar og tæki, hráefni og annað það er starfseminni tilheyrir skal þannig frá gengið að ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir aðra.
- 2.4. Beita skal bestu fánlegri tækni við meðhöndlun úrgangs og stefna að lágmarkun úrgangs hjá fyrirtækinu. Fyrirtækið skal flokka og endurnýta úrgangs eins og kostur er. Úrgangur sem ekki nýtist skal annaðhvort fluttur til endurnýtingar annarsstaðar eða til förgunar. Sorphirslur og ílát undir úrgang sem staðsett eru utanhúss, skulu vera lokuð og standast kröfur heilbrigðisfulltrúa. Spilliefnum og lyfjaleifum skal komið til viðkenndrar spilliefnamóttöku. Öll brennsla úrgangs er óheimil.



- 2.5. Rekstraraðila er skylt að fyrirbyggja aðgang fugls, meindýra og annarra villtra dýra að eldinu, fóðurgeymslum og úrgangi á vegum fyrirtækisins, eftir því sem frekast er unnt.
- 2.6. Skólp frá salernum og hreinlætisaðstöðu í landi skal leitt í fráveitu sveitarfélags eða í rotþró með siturlögn.
- 2.7. Ef vart verður að mengun sé yfir umhverfismörkum eða ef önnur óæskileg mengunaráhrif vegna starfseminnar koma í ljós skal rekstraraðili, í samráði við heilbrigðiseftirlit, gera ráðstafanir til úrbóta.
- 2.8. Verði rekstri hætt skal rekstraraðili, í samráði við heilbrigðisfulltrúa, ganga þannig frá athafnasvæði og búnaði að hvorki mengunar- né slysaþætta skapist.